



## Vinsamlegast athugið !

**Eigandi eða umráðamaður verður að framvísa beiðni um að ökutæki verði skráð aftur í umferð.  
Mikilvægar upplýsingar vegna tímabundinnar skráningar úr umferð**

**Skráning úr umferð:** Ef ætlunin er að taka ökutæki tímabundið úr umferð skal það tilkynnt til Samgöngustofu sem skráir ökutæki úr umferð í ökutækjaskrá. Beiðni um skráningu úr umferð er móttækin hjá Samgöngustofu og skoðunarstofum.

**Notkun óheimil:** Óheimilt er að nota ökutæki sem er skráð úr umferð í ökutækjaskrá, sbr. 14. gr. reglugerðar um skráningu ökutækja nr. 751/2003. Bann við notkun ökutækisins miðast við móttöku beiðnar um skráningu úr umferð hjá Samgöngustofu eða skoðunarstofu.

**Skráningarkerki eða miði:** Þegar ökutæki er skráð úr umferð er hægt að leggja skráningarkerki þess inn til geymslu hjá **Samgöngustofu** eða á **skoðunarstofum**. Einnig er hægt að fá afhendan eða sendan miða með áletruninni „Notkun bönnuð“ sem límdur er yfir skoðunarmiðann á skráningarkerkjunum eða í framrúðu ökutækja sem bera skráningarkerki af eldri gerð. Hafa skal í huga þegar ökutæki er skráð úr umferð með miða að ekki er tryggt að bifreiðagjöld og tryggingar falli niður líkt og þegar númer eru lögð inn. Þá er lögreglu heimilt að klippa skráningarkerki af ökutækjum sem skráð eru úr umferð með miða sem standa á lóðum við almannafæri, á götum og í almennum bifreiðastæðum. Ökutæki sem skráð er úr umferð með miða er eins ástatt og ökutæki sem er án skráningarkerkja.

**Gjald:** Gjald fyrir skráningu ökutækis úr umferð skal greiðast fyrirfram. **Ef skráningarkerki eru send til skoðunarstofu skal greiða gjaldið til skoðunarstofunnar.**

**Óheimilt að leggja inn eitt merki:** Ef ökutæki skal bera tvö skráningarkerki er óheimilt að leggja inn eitt skráningarkerki. Þanta verður nýtt merki og þegar það kemur úr framleiðslu er hægt að leggja inn bæði merkin. Ef merki er ef eldri gerð og ein plata hefur glatast verður að þanta tvö merki af nýrri gerð fyrir innlögn.

**Merkjum fargað:** Geymsluaðili varðveitir merkin í **eitt ár**, en að þeim tíma liðnum er merkjunum fargað nema sérstaklega sé óskað eftir áframhaldandi geymslu.

**Diesel ökutæki með ökumæli:** Ef ökutæki er með **ökumæli** er nauðsynlegt að lesa af mæli við skráningu úr umferð og tilkynna álestur til RSK (sjá eyðublað Ríkisskattstjóra).

**Sendingarkostnaður:** Sendandi ber sjálfur kostnað af sendingu merkja til og frá geymslustað.

**Hópur ökutækja úr umferð:** Ef ætlunin er að skrá hóp ökutækja úr umferð skal merkja við reitinn „sjá meðfylgjandi lista“ efst í hægra horni eyðublaðsins. Með beiðninni skal fylgja listi yfir þau ökutæki sem á að skrá úr umferð, þ.e. fastanúmer, skráningarnúmer og tegund.